

Ekkert blað er ódýrara í áskrift en Vísir. Látið hann færa yður fréttir og annað lestrarefni heim — án fyrirhafnar af yðar hálfu. Sími 1-16-60.

VÍSIR

Mánudaginn 28. október 1957

Munið, að þeir, sem gerast áskrifendur Vísis eftir 10. hvers mánaðar, fá blaðið ókeypis til mánaðamóta.

Fréttir að vestan:

Þorskveiðin í Djúpi hefir verið treg að undanfögnu.

Aðkomubátar eru flestir farnir heim.

Ísafirði 21. okt.

25. fjórðungsþing fiskideilda Vestfjarða var haldið hér 15. og 16. þ. m.

Þingið sóttu fulltrúar frá öllum fiskideildum á Vestfjörðum. Það tók til meðferðar 30 mál og gerði samþ. um flest þeirra. Aðalfulltrúar á Fiskiping til næstu 4ra ára voru kosnir: Arngr. Fr. Bjarnason, Einar Guðfinnsson, Ásberg Sigurðsson, Óskar Kristjánsson. Varafulltrúar: Sturla Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Hinrik Guðmundsson, Bernódus Halldórsson.

Fjórðungsstjórn skipa: Arngr. Fr. Bjarnason, Ásberg Sigurðsson og Haraldur Guðmundsson.

Þorskanetaveiðin

hér í Ísafjarðardjúpi hefur verið treg nú undanfarna viku. Í síðustu viku komu hingað samtals sjö stórir Vestmannaeyjabátar til þorskanetaveiða. Fengu þeir enga teljandi veiði, sumir ekkert, og munu nú allir farnir heim aftur. Fleiri aðkomubátar munu og hætta veiðum.

Vélbáturinn Aðalbjörg frá Reykjavík er nú að hætta veiðum. Hún hefur aflað 180 smál. í 30 daga. Vélbáturinn Ásdis frá Reykjavík byrjaði þorskanetaveiði hér fyrst aðkomubáta og hefur aflað 115 smál. í 19 daga. Ásdis fór héðan suður í dag.

Heimabátar héðan hafa aflað tregt nú um tíma, en halda samt flestir áfram veiðum. Vélbáturinn Heklutindur, 5 smál., hefur fengið sæmlegan afla í Jökuldjúpinu undanfarna daga.

Sumir álíta, að þorskanetaveiðin hafi nú uppurð fiskigengd í Djúpinu. Aðrir segja að fiskur sá, er áður lá við botn og veiddist í netin, hafi nú gengið upp í sjó og því hafi netaveiðin verið léleg og lítil undanfarið.

Haustróðrar

héðan frá Ísafirði munu hefjast í næstu viku. Róðrar frá nálægum veiðistöðvum, Hnífsdal, Bolungarvík og Súgandafirði munu hefjast samtímis eða um líkt leyti.

Unnið er af kappi

við Reiðhjallavirkjun í Bolungarvík og Mjólkárveikun í Arnarfirði. Einnig er mikil vinna á Straumnesfjalli við Aðalvík í þágu varnarliðsins.

Atvinna á Ísafirði

hefur verið sæmleg í sumar

Heiðraðir fyrir björgunarstörf.

Skipstjórar og skipverjar á einu frönsku skipi og tveim bandarískum hafa verið heiðraðir fyrir björgunarstörf.

Er þetta skipstjórnarnir á franska hafskipinu Ile de France og bandarísku skipunum Cape Ann og Private William M. Thomas (herflutningaskip), sem fengu viðurkenningu fyrir vasklega framgöngu við björgun skip verja skipverja og farþega á Andrea Doria í júlí á s.l. ári.

og haust. Enn er nokkuð unnið í byggingarvinnu. Er fágætt að það sé unnið um þetta leyti árs sökum veðurfars.

Almennt er vonast, að rækjuveiðar hefjist hér sem fyrst, en það mun þó allt í óvissu enn.

Flugvöllur.

Talið hefur verið víst, að nýi flugvöllurinn yrði gerður hér í námunda kaupstaðarins og að byrjað yrði á þeim framkvæmdum strax nú í haust. Ísfirðingar hafa hlutfallslega notað flugsamgöngur manna mest og löngu viðurkennd nauðsyn þeirra fyrir Ísafjörð og nærliggjandi staði. Finnst mörgum að bæjarstjórn ætti að beita sér meira í þessu máli en enn hefur orðið vart.

Í gær

var hér norðan-stórviðri með slyddu og snjóéljum, og snjóaði alveg í sjó. Í dag er sæmlegasta veður.

Vélbáturinn Þorlákur

í Bolungarvík hóf haustróðra s.l. laugardag og aflaði 4½ smál. Nokkuð af aflanum var stór og væn ýsa.

Útvarpsumræða um fjárlögin.

Fólk hér hlustaði margt á útvarpsumræður um fjárlögin. — Þótti mönnum áberandi ósamræmi hjá samráðherrunum Eysteini og Hannibal. Annar kvartaði og kveinaði um botnlausan ríkiskassa og ráðprot að ná í hann aftur. Hinn var kankvís og kotroskinn að vanda og sagði allt í bezta lagi og sá hvergi skugga á lofti, ef stjórnarsamtarið héldist óbreytt. Skyldu menn orð hans sem sérstaka ofanígjöf til Eysteins og yfirlýsingu um hvað sælt væri að vera ráðherra.

Bezta fiskisala erlendis til þessa.

Frá fréttaritara Vísis

Akureyri á laugardag.


Sala togarans Jörundar í Bretlandi í síðustu viku, mun vera bezta íslensks togara erlendis það sem af er þessu ári.

Alls seldi Jörundur 1933 kit. fyrir 8632 sterlingspund, sem svarar til þess að fengist hafi kr. 3.22 fyrir hvert kíló, sem selt var.

Auk þess sem þetta er bezta sala, sem fengist hefur erlendis á þessu ári var lokið sérstöku lofsorði fyrir góða meðferð á fiskinum og var það hvortveggja þakkað ágætri meðferð skipshafnarinnar á fiskinum og svo hinu að lestir togarans eru klæddar að innan með alumíníum.

Jörundur var 15 daga í þessari veiðiferð og er nú kominn á veiðar að nýju fyrir erlendan markað.

● Mörg ensk fiskiskip hafa ekki komið úr höfn undanfarna daga vegna influenzu meðal fiskimanna.



Unglingarnir hafa haft nóg að starfa undanfarið, þegar örlitinn snjó hefur fest. Hér sjást tveir snjóðar við mannvirkjagerð við Lækjargötu nú í vikunni. Sennilega ætla þeir að koma sér upp óvinnandi virki, en hætt er við, að það falli fyrir hlákunni, þótt snjókúlur vinni ekki á því. Ljósni.: Karl Magnússon).

Sá er vinur . . .:

Treysti sér ekki til að skrifa um ísl. „listina“?

Lítið um íslenzku deildina á Gautaborgarsýningunni.

Eins og Vísir skýrði frá á það sé ekki stærst. Það ver að sínum tíma, var Íslendingum boðið að taka þátt í norrænni listsýningu í Gautaborg nú.

Þátttaka Íslendinga varð með þeim hætti, að abstrakt-málarar öðu uppi, og aðeins tveir eða þrír, sem mála ekki eftir þeim kokkabókum, fengu að fljóta með fyrir náð. Töldu hinir ungu menn, sem finnst fyrirhafnarminnst að mála abstrakt, að aðrir málarar mundu verða landi og þjóð til lítils sóma og raunar flækjast aðeins fyrir hinum nýju „meisturum“ listarinnar.

Ríkissjóður lagði tugi þúsunda af mörkum, svo að hægt væri að taka þátt í sýningunni, en Gylfa P. Galsyni menntamálaráðherra láðist alveg að setja skilyrði, er reistu skorður við yfirgangi abstraktmanna. Hefði hann þó átt að vita, hverja sneypuför íslenzk list fór til Rómaborgar hér um árið og vilja girða fyrir, að hún færi aðra slíka.

En þar sem ekkert mælti svo fyrir, að Íslendingar skyldu senda eitthvað annað en nær eingöngu abstraktmyndir, varð uppskeran eins og til var sáð. Vísi hafa borizt úrklippur úr sænskum blöðum, þar sem varðið er miklu rúmi til að segja frá sýningunni, og er merkast þessarra blaða Svenska Dagbladet, sem nýtur að sumu leyti meistarálits sænskra blaða, enda þótt

En þar er aðeins minnst á Íslendinga í 7 línunum, svo að ekki hefir gagnrýnandanum þótt mikið til um íslenzku deildina. Ef til vill er hann einnig sá Íslandsvinur, að hann vilji sem minnst á hana minnast. Ber þó öllum að þakka það vinarbragð, en þeim mest, sem sendu „listina“ til Gautaborgar.

Tilboð Sauds konungs var ekki afturkallað.

Allsherjarþingið ræðir kærú Sýrlands.

Alsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tekur í dag fyrir af nýju deilu Sýrlands og Tyrklands, en umræðunni hefur tveggis verið frestað. Tyrkir vilja enn fresta málinu.

Fréttaritara í New York segja, að furðu lítið hafi verið rætt um það að þessu sinni bak við tjöldin, hvernig afgreiða skyldi kærú Sýrlendinga, og hafi verið engu líkara en menn biði átektu í von um að horfurnar skýrðust.

Eitt af því, sem menn voru í vafa um, var það hvort Saud konungur myndi afturkalla mála miðlunartilboð sitt að beiðni Kuwatly forseta Sýrlnds, en forsætisráðherra þess kallaði fréttamenn á sinn fund í gær og tjáði

Gott veður nyrðra.

Frá fréttaritara Vísis.

Akureyri í morgun.

Veðrátta er góð um þessar mundir, stillur og bjartviðri og allir vegir færir um héraðið, en Öxnadalshéiði ófær. N

Fyrir helgi var kominn talsverður snjór, en gerði síðan blotá að snjórinn sjatnaði þannig að nú er storka á honum.

Talsverður snjór kom á Vaðlaheiði fyrir helgi en snjórinn var ruddur af henni, og nú er færð yfir heiðina sem á sumardegis og norður um alla Þingeyjar-sýslu.

Ný smurstöð.

Á laugardaginn var á Akureyri opnuð ný smurstöð hjá Þórshamri h.f. á Akureyri og er þar betri aðstaða til að smyrja bíla og fullkomnari útbúnaðar en áður hefur þekkst við nokkura smurstöð norðanlands.

Þrengt að kommu í Dagsbrún.

Heitar umræður urðu um efnahagsmál á fundi Dagsbrúnar í Iðnó í gær. Átti stórin mjög í vök að verjast.

Fundur þessi stóð í hálfan fimmta tíma. Margir tóku til máls og urðu umræður geysihaitar. Kom fram mikil gagnrýni á ríkisstjórnina frá ýmsum félagsmönnum vegna afstöðu hennar í kaup- og kjaramálum. Gagnrýndu Dagsbrúnarmenn mjög álit efnahagsmálanefndar A.S.Í. Töldu þeir, að kaupgeta hefði minnkað mjög við aðgerðir núverandi ríkisstjórnar.

Meðal þeirra er töluðu voru Haukur Hjartarson, Þorsteinn Pétursson, Kristínus Arndal o. fl. Starfsmenn Dagsbrúnar héldu uppi svörum. Að lokum var svo að kommu þrengt að þeir brutu fundarsköp með því að meina mönnum að tala. Var þeim þungur róðurinn á allan hátt.

Tilboð Sauds konungs var ekki afturkallað.

Allsherjarþingið ræðir kærú Sýrlands.

þeim, að Saud konungur hefði orðið við tilmælum Kuwatly.

Þessi yfirlýsing vakti eigi litla furðu, þar sem ekkert hafði verið opinberlega tilkynnt í Saudi — Arabíu um afstöðu konungs til beiðninnar. Nú virðist það svo sem forsætisráðherrann hafi ætlað að knýja fram svar konungs sýrlenzkum kommúnistum í vil, þótt að árangurinn yrði annar en búist var við, þar sem í morgun var tilkynnt í útvarpinu í Mekka, — vegna ósamhljóða fregna um afstöðu Sauds konungs, að hann hefði ekki afturkallað tilboð sitt.

Nokkurt lát hefur orðið á rússneskum áróðri af „árásaráformum“ Tyrkja. Í